



FRAMKVÆMDARÁÐ SSA

Fundur nr. **1** 2012 - 2013

FUNDARGERÐ

Fundur var haldinn í framkvæmdaráði SSA miðvikudaginn 10. október kl. 14:30 2012. Fundarstaður: Fundaherbergi Austurbrúar ses, Miðvangi 2-4, á Egilsstöðum

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Stefán Bogi Sveinsson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Þá sat fundinn Ásta K. Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri og Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson bauð fundarmenn velkoma og gengið var til dagskrár.

Dagskrá :

1. Almenningsamgöngur á Austurlandi.

Ásta K. Sigurjónsdóttir fór yfir málefni fundar sem haldinn var um almenningsamgöngur á Austurlandi 9. október sl. í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði með fulltrúum sveitarfélagana, eigendum og rekstraraðilum rútbifreiða.

Töluverðar umræður voru um málefnið og til máls tóku allir framkvæmdaráðsmenn.

Framkvæmdaráðið lýsir vilja sínum að verkefnið „Almenningsamgöngur á Austurlandi“ verði hýst innan Austurbrúar undir forræði verkefnastjóra.

2. Áherslur fyrir fund með fjárlaganefnd og eftirfylgni ályktana aðalfundar SSA.

Farið var yfir samþykktir síðasta aðalfundar SSA og þær flokkaðar eftir því hvaða stofnun eða ráðuneyti þær heyrðu undir. Formaður og verkefnastjóri eiga tíma hjá fjárlaganefnd Alþingis mánudaginn 15. október. Farið var yfir þær samþykktir aðalfundar og þau verkefni sem heyra undir fjárlaganefnd, samkvæmt bréfi formanns nefndarinnar frá því í júní sl. En í bréfinu kom fram breyttar áherslur nefndarinnar við fjárlagagerðina. Þá var ákveðið að funda með vegageðinni, póst- og fjarskiptastofnum og fleiri aðilum eftir því sem tími vinnst til í Reykjavíkurfirðinni.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 15:10.
Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari